

Þriðjudaginn 27. janúar 1987.

Nr. 2/1987. **Ákærvaldið**

gegn

**Hauki Steinari Baldurssyni**

Kærumál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 8. janúar 1987 sem barst Hæstarétti sama dag. Krefst hann þess að hin kærða dómsátt verði felld úr gildi.

Samkvæmt bréfi sakadóms Kópavogs, dags. 23. janúar 1987, sem barst Hæstarétti 26. s.m., var varnaraðilja gert kunnugt um framangreinda kröfu ríkissaksóknara 21. janúar. Gerir hann engar kröfur eða athugasemdir við kæruna.

Með hinni kærðu dómsátt samþykkti varnarðili í sakadómi Kópavogs 18. desember 1986 að greiða 12.000,00 króna sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og vera sviptur ökuleyfi í 1 ár frá sáttardegi.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðilja hefur hann 4 sinnum áður sætt refsingu fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, síðast með dómi sakadóms Árnassýslu 7. febrúar 1983. Hann var sviptur ökuleyfi ævilangt með dómi sakadóms Árnassýslu 12. desember 1977 en veitt það á ný í Reykjavík 22. júlí 1985.

Samkvæmt framansögðu var varnaraðili sóttur um ítrekað brot gegn 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 í máli því sem lyktaði í héraði með hinni kærðu dómsátt. Var því óheimilt að lögum að ljúka málinu með þeim hætti, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber því að fella dómsáttina úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

**Dómsátt sakadóms Kópavogs 18. desember 1986.**

Ár 1986, fimmtudaginn 18. desember var sakadómur Kópavogs settur í skrifstofu bæjarfógeta og haldinn af Þorgerði Erlendsdóttur fulltrúa.

Fyrir var tekið: Kærumál nr. 1446/86. Rannsókn varðandi ætlað áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómari leggur fram: Nr. 1 lögregluskýrslu, nr. 2 blóðtökuvottorð, nr. 3 niðurstöðu alkóhólrannsóknar, nr. 4 sakavottorð, nr. 5 yfirlit um sakarkostnað. Skjölin fylgja.

Fyrir dómi er mættur kærði Haukur Steinar Baldursson, atvinnulaus. Heimili: Engihjalla 1, Kópavogi. Fæðingardagur: 13. maí 1956.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74, 1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt og kannast við ofangreint brot sitt frá 2. ágúst 1986.

Hann samþykkir að greiða kr. 12.000,00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málsókn út af brotinu, sem varðar við 2. mgr., sbr. 3.-4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 1. mgr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

Sektin greiðist fyrir 18. maí 1987 en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Málskostnaður kr. 1.819,00 greiðist fyrir sama tíma.

Kærði samþykkir sviptingu ökuleyfis í 1 ár frá deginum í dag að telja, sem ákveðin er með vísun til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Kærði afhendir ökuskírteini sitt.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðara brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19, 1940.

Dómarinn lét málsókn falla niður.